

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 56. stjórnarfundar 31. janúar, 2025 kl. 08:15 – 09:00.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá fundar:

### 1. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka ákvörðun um afgreiðslu nokkurra mála.

Lagt var fyrir fundinn að taka afstöðu til tveggja umsókna. Eftir skoðun var ákveðið að skilyrði væru til að samþykkja eina umsókn en í hinu tilvikinu voru ekki taldar forsendur til að samþykkja umsókn og ákveðið var að boða viðkomandi að áformað væri að hafna umsókninni.

Lagt var fyrir fundinn að taka afstöðu til þriggja umsókna þar sem stjórn hafði áður ákveðið að boða umsækjendum frávisun. Afgreiðsla á einni umsókn var frestað, en í hinum tveimur var ákveðið ekki væru skilyrði til annars en að vísa umsóknum frá.

Lagt var fyrir fundinn að taka afstöðu til tveggja umsókna þar sem stjórn hafði áður ákveðið að boða umsækjendum höfnun. Afgreiðsla á öðru málinu var frestað, en í hinu var ákveðið að ekki væru skilyrði til annars en að hafna umsókninni.

Lagt var fyrir fundinn að taka afstöðu til einnar beiðnar um endurupptöku máls sem hafði áður verið hafnað. Samþykkt að skilyrði væru til að endurupptaka málið en eftir skoðun á gögnum málsins var niðurstaðan sú að ekki væru forsendur til að samþykkja umsóknina.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 2. Önnur mál

Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri yfirlit yfir þær eignir í Grindavík sem eru í eigu einstaklinga, en ekki hefur verið sótt um sölu á til félagsins. Um er að ræða 43 fullbúnar eignir og 7 atjónseignir. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu í viðræðum við lánveitendur félagsins um rekstrarláns.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 08:55.

